

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss**  
**vegna jarðstrengja vestan Þorlákshafnar.**

Skipulagsstofnun staðfesti 16. maí 2024 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 sem samþykkt var í bæjarstjórn 4. apríl 2024.

Í breytingunni felast áform um lagningu þriggja 66 kV jarðstrengja frá tengivirki norðan Þorlákshafnar að iðnaðarlóðum vestan bæjarins. Strengirnir eru annars vegar um 2 km og hins vegar um 4 km á lengd.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 16. maí 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 21. maí 2024